



# Safnaðarblað Glerárkirkju

3. tbl. 27. árg.

Desember 2012



## Gleðileg jól!

## Heilög kirkja – Kirkja Krists

Sunnudaginn 9. desember næstkomandi, sem er annar sunnudagur í aðventu, verður 20 ára vígsluafmæli Glerárkirkju fagnað. Kirkjan var vígð á sama degi kirkjuársins á sínum tíma, sem þá bar upp á 6. desember, sem er Nikulásarmessa. Hátíðardagskrá helgarinnar er útlistuð á öðrum stað í blaðinu og eru allir velunnarar kirkjunnar hvattir til þátttöku.

Á hátíð sem þessari er rétt og skylt að rifja upp tilganginn með kirkjunni, lífi hennar og starfi. Mennirnir stofna með sér félag um hin margvíslegustu málefni, en kirkjan hefur algera sérstöðu hvað þetta varðar því hún rekur upphaf sitt til Guðs. Í fyrsta lagi, þá stofnaði Frelsarinn Jesús Kristur til postulegs þjónustuhlutverks og fól þeim að gera allar þjóðir að lærisveinum, skíra til nafns Föður, Sonar og Heilags Anda og kenna þeim allt það sem hann kenndi um guðsríkið og líf í ljósi Guðs. Í öðru lagi, sendi hann postulunum og fylgjendum sínum Heilagan Anda þeim til helgunar, styrks og hjálpar. Þetta tvennt er sá grundvöllur sem Kristur lagði kirkjunni til og jafnframt lofaði hann að vera með okkur og hjá okkur í Heilögum Anda allt til enda veraldar. Annan grundvöll en þennan á kirkjan ekki.

Hin eiginlega kirkja og söfnuður að kristnum skilningi er

fólkið sjálft sem gengið hefur Kristi á hönd. Við erum í samfélaginu við hann kölluð til að uppbyggjast og helgast sem lifandi, lýsandi steinar andlegs húss og samfélags – þar sem lindir hjálpræðis Guðs fá að streyma fram – öllum mönnum til blessunar og Guði til dýrðar. Hin lifandi kirkja á að vera vettvangur ljóss og lífs þar sem við saman lærum að elska það sem Guð elskar og vilja það sem Guð vill.

Glerárkirkja, sem við heiðrum nú og fögnum tilurð hennar er og á að vera, ásamt öðrum vígðum og helguðum kirkjuhúsum, táknmynd um þann andlega veruleika sem hér að framan hefur verið lýst. Jafnframt á hún að vera vettvangur og umgjörð utan um það líf, boðskap og starf sem Jesús Kristur hefur kallað til. Guð gefi að svo muni ætíð vera.

Framundan eru adventan og jólin. Um leið og við biðjum fyrir gleðilegri og blessunarríkri hátíð í faðmi fjölskyldu og ástvina skulum við fela Glerárkirkju góðum Guði og biðja hann að starfið allt megi verða farsælt, Guði til dýrðar og söfnuðinum til blessunar.

*Guð gefi þér og fjölskyldu þinni gleðileg jól.*

**Gunlaugur Gardarsson**  
Sóknarprestur



## Kveðja frá sóknarnefnd

Kæri lesandi. Nú á jólaföstudunni höldum við upp á 20 ára vígsluafmæli Glerárkirkju. Á þessum 20 árum hefur starf Glerárkirkju eflst og dafnað. Þrátt fyrir erfiðan efnahag hefur tekist að halda í horfinu og halda úti blómlegu starfi og fullri þjónustu við sóknarbörnin. Það er helst að þakka öflugum og góðum starfsfólki kirkjunnar. Það var mikill stórhugur að ráðast í byggingu kirkjunnar á sínum tíma, en með dugnaði og samstöðu tókst það. Með sama hætti er framtíð starfsins í Glerárkirkju á herðum okkar, sem búum í Glerárhverfi í dag.

Við sem sitjum í sóknarnefnd, prestar og allt starfsfólk kirkjunnar, viljum vinna að því að Glerárhverfið eigi fallega kirkjubyggingu sem nýtur ræktarsemi og lifandi starfs. Ég vil því hvetja þig lesandi góður að kynna þér alla þá starfsemi sem fer fram í kirkjunni okkar. Vil ég benda á dagskrá í tilefni vígsluafmælisins. Föstudaginn 7. desember kl.

20:00 verður kaffihúsakvöld þar sem kvenfélagið Baldursbrá verður með veitingar á vægu verði og flutt verður lifandi tónlist með aðventuívafi. Díana Hermannsdóttir sem er meðlimur í sókninni opnar listsýningu í anddyri kirkjunnar. Á laugardegnum 8. desember verður hátíðardagskrá í tali og tónum þar sem Dr. Hjalti Hugason flytur erindi ásamt því að tónlist verður flutt og á eftir verða kaffiveitingar. Sunnudaginn 9. desember hefst hátíðardagskráin með sunnudagaskólanum þar sem fluttur verður leikþáttur ásamt því að börnin verða leyst út með glaðning frá jólasveininum í tilefni adventunnar og afmæli kirkjunnar. Eftir hádegi, eða kl. 14:00 verður hátíðarmessa þar sem biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir prédikar og kór Glerárkirkju flytur Krýningarmessu eftir W.A. Mozart. Eftir messu verður boðið í afmælistessukaffi. Vígsluafmælishelginni lýkur svo með bíókvöldi æsku-

lýðsstarfsins þar sem boðið verður upp á viðeigandi veitingar með sýningunni.

Glerárkirkja er orðin ein af fegurstu kirkjum landsins með stórkostlegum listaverkum eftir Leif Breiðfjörð sem prýða alla glugga kirkjuskipsins. Framtíðarsýn og ósk margra velunnara og starfsmanna kirkjunnar er sú að í nánustu framtíð verði hægt að safna fyrir nýju orgeli og veglegri altariistöflu. Það er ósk okkar að sóknarbörn taki höndum saman og hlúi að kirkjunni sinni og njóti um leið alls þess sem kirkjan hefur upp á að bjóða.

Sóknarnefnd Lögmanshlíðarkirkju óskar öllum sóknarbörnum til hamingju með 20 ára vígsluafmæli kirkjunnar og biður að Guð gefi öllum gleðirík jól og farsæld á komandi ár. Megi boðskapur jólanna færa öllum frið og sanna gleði.

*F.b. sóknarnefndar  
Lögmanshlíðarsóknar  
Gunnar Sturla Gíslason*

## Boðskort

Við í Glerárkirkju viljum bjóða þér, lesandi góður, og fjölskyldu þinni að koma og taka þátt í afmælisdagskrá í kirkjunni þinni 7.–9. desember n.k.

### Föstudagur 7. desember

**Kl. 20:00 Kaffihúsakvöld**

Opnun listsýningar Díönu Hermannsdóttur í anddyri kirkjunnar  
Kvenfélagið Baldursbrá með veitingar á vægu verði  
í safnaðarsalnum til 23:00  
Lifandi tónlist með aðventuívafi

### Laugardagur 8. desember

**Kl. 16:00 Hátíðardagskrá í tali og tónum**

Samfylgd þjóðar og kristni í 1000 ár  
Dr. Hjalti Hugason flytur erindi – Tónlistaratriði – Kaffiveitingar

### Sunnudagur 9. desember

**Kl. 11:00 Sunnudagaskóli**

Fluttur verður leikþátturinn „Pési vill verða jólasveinn“  
Öll börn fá glaðning frá jólasveininum í tilefni adventunnar  
og afmæli kirkjunnar

**Kl. 14:00 Hátíðarmessa**

Biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir prédikar  
Kór Glerárkirkju flytur Krýningarmessu eftir W.A. Mozart.

**Kl. 20:00 Bíókvöld æskulýðsstarfsins**

Fermingarbörnum og eldri unglingum boðið upp á popp og gos  
við bíóskjá

Nánar á [www.glerarkirkja.is](http://www.glerarkirkja.is)

## Kór Glerárkirkju

Síðustu mánuðir hafa verið mjög viðburðaríkir hjá Kór Glerárkirkju. Í júní tók kórinn þátt í kóramóti sem kennt er við Franz Schubert og haldið var í Vínarborg í Austurríki. Að taka þátt í svona keppni þar sem saman eru komnir kórar allsstaðar að úr heiminum er mikil upplifun og góð reynsla fyrir kórfélaga. Þessi ferð var mjög ánægjuleg og hver veit nema ferðasagan verði sögð nánar í myndum og máli við betra tækifæri.

Starf þessa misseris hófst um miðjan september með æfingum fyrir Kórahátíð í Hofi sem haldin var í október. Að því loknu tóku við æfingar fyrir jólatónleika sem líkt og í fyrra verða í samvinnu við kór eldri borgara, „Í fínu formi“. Tónleikarnir verða **16. desember kl. 16.00.**

Framundan eru líka hátíðarhöld í tilefni 20 ára vígsluafmæli Glerárkirkju. Í afmælistessu þann 9. desember mun kórinn ásamt einsöngvurum flytja Krýningarmessu eftir W. A. Mozart. Það verk var æt fyrir áður nefnda kórakeppni í Vín og var sameiginlegt verkefni nokkurra þátttökukóra. Meðfylgjandi mynd er af þeim fríða hópi.

*Félagar og stjórnandi Kórs Glerárkirkju óska þér og þínum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.*



# Afmæliskveðja frá kvenfélaginu Baldursbrá

Á öðrum sunnudegi í adventu árið 1992 var Glerárkirkja vígð, og er því 20 ára vígsluafmæli framundan. Allt frá því að farið var að tala um byggingu kirkju í Glerárhverfi hefur kvenfélagið Baldursbrá verið samofið þeirri umræðu og síðan framkvæmd, og heilladrjúg var sú ákvörðun fyrir kvenfélag og kirkju þegar ákveðið var að nýta krafta Baldursbrár í stað þess að stofna nýtt kirkjufélag sem bakhjarl og velunnara. Samstarfið hefur verið gott og farsælt fram til þessa og vonumst við til að svo verði áfram.

Ekki gleymdu kvenfélagskonur þó uppruna sínum og héldu áfram, og gera enn í dag, að styðja og styrkja ýmis líknarstörf og láta sér ekkert óvið-



komandi í þeim málum. Aðal-fjáröflunarleiðir félagsins eru meðal annars að selja kaffibrauð við erfidrykkjur, ýmsar veislur og uppákomur í kirkjunni, einnig Bingó og ýmislegt annað. Handavinnukvöld eru þrisvar sinnum í mánuði, á fimmtudagskvöldum og hefjast kl. 19 og eru til kl. 21. Allir eru velkomnir að vera með.

Þriðja fimmtudag í mánuði er fundur félagsins og hefst hann kl. 19:30 og eru nýjir félagar ávallt velkomnir í Baldursbrá. Þá er Baldursbrá líka á fésbókinni.

Við óskum Glerárkirkju og okkur öllum innilega til hamingju með 20 ára afmælið og biðjum kirkju og söfnuði Guðs blessunar.



## Betri framtíð í Afríku, þökk sé fermingarbörnum

Enn á ný hafa fermingarbörn í Glerárkirkju lagt sitt af mörkum fyrir fólk í Afríku sem ekki hefur aðgang að hreinu vatni. Þau tóku þátt í fermingarbornasöfnuninni fyrir vatnsverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar, í byrjun nóvember og söfnuðu 202.858 krónum! Stórkostlegur árangur sem dugar fyrir heilum brunni og meira en það því handgrafinn brunnur kostar um 180.000 krónur! Segja má að þau hafi tryggt 500-700 manns aðgang að hreinu vatni til áratuga.

Hreint vatn gerir kraftaverk, heilsan verður betri og fleiri stúlkur komast í skóla þar sem þær þurfa ekki lengur að sækja vatn langar leiðir á skólatíma.

Með vatninu opnast möguleikar á því að hafa grænmetisgarð og búfé, t.d. geitur og hænur, þannig verður fæðan fjölbreyttari og afkoman öruggari. Í vatnsverkefnunum er einnig fræðsla um smitleiðir sjúkdóma og hreinlæti. Stutt er við þá sem eru HIV smitaðir eða með alnæmi og fólk hvatt til að fara í alnæmispróf til að skera úr um hvort það er smitað. Reistir eru kamrar, hús og vatnstankar fyrir munaðarlaus börn sem misst hafa foreldra sína úr alnæmi og þau studd til sjálfsbjargar. Heildræn nálgun og sjálfbærni eru grundvallarþættir í að tryggja betri framtíð.

Dugnaður og elja fermingarborna og góður hugur þeirra sem gefa skilar sér í

bættri lífsafkomu þeirra sem taka þátt í vatnsverkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar í Malaví, Eþíópíu og Úganda.

Þegar þetta er skrifað er heildarsöfnun fermingarborna á öllu landinu komin í 7,1 milljón króna og ekki allir búnir að skila inn, þannig að upphæðin á enn eftir að hækka. Mikilvægt framlag sem tryggir enn fleirum sem búa við erfiðar aðstæður á þurrum svæðum Afríku betri framtíð - þökk sé fermingarbörnum á Íslandi. Hjálparstarfið færir þeim bestu þakkir.

**Bjarni Gíslason, fræðslufulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar.**

## Jólaaðstoð - hvernig sæki ég um?

Þú hringir í **867 5258** milli kl. 10:00 og 12:00 á mánudegi, þriðjudegi eða miðvikudegi.


Hér er um samstarfsverkefni Mæðrastyrksnefndar Akureyrar, Hjálparstarfs kirkjunnar, Hjálpræðishersins og Rauða krossins að ræða. Það einfaldar málið - nú sækir þú um á einum stað og allir þessir aðilar sameinast um að styðja þig með þátttöku fyrirtækja og bæjarbúa á Akureyri og nágrenni.

**Hringdu fyrir 11. des!**



Unglingastarfið UD-GLERÁ befur gengið vel í haust en að þessu sinni er Glerárkirkja í nánu samstarfi við KFUM og KFUK á Akureyri. Myndin er tekin á Hólavatni að lokinni gísti-ferð þangað laugardaginn 24. nóvember.

# Helgihald í Glerárkirkju á aðventu og jólum



## 1. sd. í aðventu - 2. desember

- ★ **Messa og barnastarf kl. 11:00.** Sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir. Félagar úr Kór Glerárkirkju leiða almennan safnaðarsöng undir stjórn Valmars Völjaots.
- ★ **Aðventukvöld kl. 20:00.** Dr. Ragnheiður Harpa Arnardóttir dósent flytur hugvefju. Ljósathöfn fermingarbarna. Kór Glerárkirkju, Barnakór Glerárkirkju og Æskulýðskór Glerárkirkju syngja. Stjórnendur tónlistar eru Marína Þórólfsdóttir og Valmars Völjaots.

## 2. sd. í aðventu - 9. desember - Glerárkirkja 20 ára

**ATH:** Dagskrá afmælishátíðarinnar í heild sinni er birt á boðskorti á bls. 2.

- ★ **Sunnudagaskóli í kirkjunni kl. 11:00.** Fluttur verður leikþátturinn „Pési vill verða jólasveinn“ Mikill söngur. Tilvalin morgunstund fyrir alla fjölskylduna.
- ★ **Hátíðarmessa kl. 14:00.** 20 ára vígsluafmælis Glerárkirkju minnst. Biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir prédikar. Vígðir þjónar Glerárkirkju leiða athöfnina. Kór Glerárkirkju flytur Krýningarmessu eftir W.A. Mozart undir stjórn Valmars Völjaots. Að messu lokinni er boðið til kaffisamsætis.

## 3. sd. í aðventu - 16. desember

- ★ **Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11:00.** Sr. Gunnlaugur Garðarsson og Pétur Björgvin Þorsteinsson djákni þjóna. Barnakór Glerárkirkju og Æskulýðskór Glerárkirkju syngja aðventu- og jólalög undir stjórn Marínu Þórólfsdóttur og Rósu Ingibjargar Tómasdóttur.
- ★ **Tónleikar Kórs Glerárkirkju og Kórs eldri borgara „Í fínu formi“ kl. 16:00.**

## 4. sd. í aðventu - 23. desember

- ★ **Sunnudagaskóli á GLERÁRTORGI kl. 11:00.** Jólalögin sungin undir stjórn Valmars Völjaots sem spilar á harmonikku. Pétur Björgvin djákni endursegir jólaguðspjallið fyrir yngri börnin.

## Aðfangadagur jóla - 24. desember

- ★ **Aftansöngur kl. 18:00.** Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar. Kór Glerárkirkju syngur. Organisti er Valmar Völjaots. Félagar úr Lúðrasveit Akureyrar leika á undan athöfninni.
- ★ **Miðnæturmessa kl. 23:00.** Sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir og Pétur Björgvin Þorsteinsson djákni þjóna. Kór Glerárkirkju syngur og leiðir almennan söng. Organisti er Valmar Völjaots.

## Jóladagur - 25. desember

- ★ **Hátíðarguðsþjónusta kl. 14:00.** Sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir. Kór Glerárkirkju syngur undir stjórn Valmars Völjaots.

## Annar dagur jóla - 26. desember

- ★ **Fjölskylduguðsþjónusta kl. 13:00.** Sr. Gunnlaugur Garðarsson og Pétur Björgvin Þorsteinsson djákni þjóna. Kór Glerárkirkju syngur undir stjórn Valmars Völjaots. „Litli leikklúbburinn“ flytur helgileik.

## Gamlársdagur - 31. desember

- ★ **Aftansöngur kl. 18:00.** Sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir. Kór Glerárkirkju syngur undir stjórn Valmars Völjaots.

## Nýársdagur - 1. janúar 2013

- ★ **Hátíðarmessa kl. 14:00.** Sr. Gunnlaugur Garðarsson. Kór Glerárkirkju syngur undir stjórn Valmars Völjaots.

## Prettándi dagur jóla - 6. janúar 2013

- ★ **Jólin kvödd við aftansöng kl. 18:00.** Sr. Gunnlaugur Garðarsson. Kór Glerárkirkju syngur. Organisti er Petra Björk Pálsdóttir.

## Sunnudagur - 13. janúar 2013

- ★ **Kvöldguðsþjónusta kl. 20:00.** Sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir. Krossbandið syngir og leiðir söng.

- ★ **ATH:** Sunnudagaskóli samhliða sunnudagsmessum kl. 11:00 hefst aftur sunnudaginn 20. janúar 2013.

Munið hádegissamverurnar alla miðvikudaga kl. 12:00.

Ath.: Aðventusamvera eldri borgara verður fimmtudaginn 13. desember kl. 15:00.

## Glerárkirkja

### Sr. Gunnlaugur Garðarsson

Viðtalstímar í kirkjunni þriðjudaga til föstudaga kl. 11:00-12:00 og eftir samkomulagi. Símar: 464 8808 (í kirkju), 462 7676 (heima) og 864 8455 (gsm). Netfang: [gunnlaugur@glerarkirkja.is](mailto:gunnlaugur@glerarkirkja.is)

### Sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir

Viðtalstímar í kirkjunni þriðjudaga til föstudaga kl. 11:00-12:00 og eftir samkomulagi. Símar: 464 8802 (í kirkju), og 864 8456 (gsm). Netfang: [arna@glerarkirkja.is](mailto:arna@glerarkirkja.is)

### Pétur Björgvin Þorsteinsson, djákni

Viðtalstímar eftir samkomulagi. Símar: 464 8807 (í kirkju) og 864 8451 (gsm). Netfang: [petur@glerarkirkja.is](mailto:petur@glerarkirkja.is)

## Starfsfólk Glerárkirkju

Umsjónarmaður er Sverrir Pálmason. Hann er við á virkum dögum kl. 11:00-16:00. Símar: 464 8803 (í kirkju), 462 2491 (heima) og 864 8453 (gsm). Netfang: [sverrir@glerarkirkja.is](mailto:sverrir@glerarkirkja.is)

Organisti er Valmar Völjaots. Viðtalstímar eftir samkomulagi. Símar: 464 8804 (í kirkju) og 853 8001 (gsm). Netfang: [valmar@glerarkirkja.is](mailto:valmar@glerarkirkja.is)

Kirkjuverðir eru Sigríður Albertsdóttir, gsm 847 9025 og Jón Oddgeir Guðmundsson, gsm 894 4301. Umsjón með eldhúsi hefur Sigurrós Anna Gísladóttir, gsm 848 6440.

Upplýsingar um annað starfsfólk Glerárkirkju er að finna á [www.glerarkirkja.is](http://www.glerarkirkja.is)



Glerárkirkja: Sími 464 8800 - Fax: 464 8809 - [www.glerarkirkja.is](http://www.glerarkirkja.is) - [glerarkirkja@glerarkirkja.is](mailto:glerarkirkja@glerarkirkja.is)

Ábyrgðarmaður: Sr. Gunnlaugur Garðarsson • Uppsetning: ghs • Prentun: Ásprent • ATH.: Listaverkið á forsiðu er eftir Kristinn G. Jóhannsson listmálara